



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2019

### **Umsögn um frumvarp til laga um Menntasjóð námsmanna, 329. mál á 150. löggjafarþingi.**

Samtök atvinnulífsins (SA) og Viðskiptaráð Íslands (VÍ) hafa tekið til umsagnar frumvarp um Menntasjóð námsmanna.

Með frumvarpinu er lagt til að innleitt verði nýtt námsstyrkjakerfi samhliða námslánakerfi. Verði frumvarpið að lögum mun það leysa af hólmi gildandi lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Nái frumvarpið fram að ganga verður til Menntasjóður námsmanna sem hefur það meginmarkmið að gefa námsmönnum tækifæri til að mennta sig án tillits til efnahags og skila til samfélagsins vel menntuðum einstaklingum. Slíkt kerfi er vissulega stór liður í því að hækka menntunarstig þjóðarinnar eins og tilvist LÍN hefur gert síðustu ár. Öflugt menntakerfi er grunnstoð samfélagsinnviða og lykilmáttur til að styrkja samkeppnishæfni og efla mannauð. Aðgengi að menntun á að vera greitt, fjárfesting í menntun á að vera forgangsráði en fjármunum ber að ráðstafa skynsamlega.

Beinn stuðningur ríkisins til námsmanna hefur hingað til falist í hagstæðum lánakjörum og að námslán séu ekki alltaf að fullu greidd upp. Ríkisstuðningurinn er mjög misskiptur og þeir fá mestan styrkinn sem taka hæsta námslánið og eru elstir þegar lán er tekið. Ekkert samhengi hefur verið á milli fjárhæðar láns og endurgreiðslu sem eru einkum tengdar tekjum viðkomandi að námi loknu en ekki bundnar höfuðstól lánsins. Niðurstöður áhættugreiningar sjóðsins sýna að mjög háum námslánnum til fámenns hóps lánþega hefur fjölgað. Þessi lán verða einungis endurgreidd að litlum hluta. Þannig fá sumir námsmenn mjög háa styrki til náms en aðrir mun minna.

Samtökin telja að markmið frumvarpsins séu um margt góð. Þannig telja samtökin jákvætt að auka gagnsæi í styrkveitingum sjóðsins, að aukins jafnræðis sé gætt í stuðningi við námsmenn, að námsmenn taki aðeins þá upphæð að láni sem þeir þurfi yfir námstímann, að lánahluti námslánakerfisins standi að fullu undir sér og að spornað sé gegn því að námsmenn í lengist að óþörfu í námi.

Að því sögðu telja samtökin þó að þó nokkur meiriháttar útfærsluatriði séu of óljós til þess að hægt sé að taka endanlega afstöðu til efnisatriða frumvarpsins. Mikilvægar upplýsingar eru ekki aðgengilegar þegar kemur að því að meta áhrif frumvarpsins og margt bendir til þess að frumvarpið leiði til aukinnar óvissu og óskilvirkni hvað varðar rekstur sjóðsins. Því telja samtökin nauðsynlegt að frumvarpið sé dregið til baka á þessu stigi þannig gaumgæfa megi betur eftirfarandi útfærsluatriði (nánari umfjöllun í 1. kafla):

- Ólíkur skilningur virðist vera á fyrirkomulagi breytilegra vaxta
- Óljóst er hvort gjaldfellingarheimild nái yfir tekjutengd lán en auk þess er sköpuð óvissa með því að setja virkjun heimildarinnar í hendur stjórnar sjóðsins
- Lengd námslána virðist vera afar illa útfærð sem getur haft mikil áhrif á stöðu lánþega

Telja samtökin einnig rétt að koma á framfæri athugasemdum við eftirfarandi efnisatriði frumvarpsins (nánari umfjöllun í 2. kafla):

- Tekjutenging afborgana mun að öllum líkindum leiða til hærri vaxta, aukinna vanskila og/eða mikils ójafnræðis í styrkveitingum
- Skólagjaldalán ættu ekki að vera styrkhæf - frekar á að hækka styrkhlutfall vegna framfærslulána
- Það er ekki endilega hlutverk lánasjóðs námsmanna að skapa hvata til barneigna í námi líkt og svokallaðir barnastyrkir munu óhjákvæmilega gera
- Framfærslulán til námsmanna erlendis mun leiða til mikils ójafnræðis í styrkveitingum, draga úr gagnsæi og valda því að námsmenn taki hærri lán en þeir raunverulega þurfa

## 1. Atriði sem útfæra þarf betur

### 1.1 Breytilegir vextir

Samtökin hafa orðið vör við að misjafn skilningur sé lagður í hugtakið *breytilegir vextir* eins og það kemur fram í frumvarpinu og hvernig það muni koma til með að virka í námslánakerfinu. A.m.k. tvennskonar skilningur hefur verið lagður í hugtakið:

- 1) Hvert skuldabréf ber sérstaka vexti sem eru fastir út lánstímann þ.e. breytilegt er hverjir vextir skuldabréfa eru þegar því er lokað en skuldabréf hefur þó fasta vexti út lánstímann.
- 2) Hvert skuldabréf ber vexti sem er breytilegt út lánstímann, þ.e. vextir sveiflast með ávöxtunarkröfu af ríkisskuldabréf.

Ljóst er að ef fyrri skilningurinn er hinn rétti, getur það leitt til þess að kjör námsmanna geta verið afar ólík. Til að mynda hefur ávöxtunarkrafa RIKB 25 óverðtryggðra ríkisskuldabréfa farið úr því að vera 6% fyrir tólf mánuðum og er nú um 3,5%. Þannig gæti myndast nokkurs konar árgangalottó þar sem einn árgangur nýtur 3% vaxta á meðan sá næsti býr við 6% vexti. Samtökin telja mikilvægt að öll tvímæli séu tekin hvað varðar fyrirkomulag breytilegra vaxta og telja heppilegt að vextir séu breytilegir út lánstímann.

## 1.2 Gjaldfellingarheimild

Gert er ráð fyrir því að lánþegar geti valið um tvenns konar leiðir við endurgreiðslu lánanna.

1. Jafngreiðslulán þar sem endurgreiðslutíminn er háður lántökufjárhæð.
2. Tekjutengdar afborganir svipað því sem er í dag hjá LÍN.

Í 20. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið á er um fyrri valkostinn, kemur skýrt fram að hafi námslán ekki verið greidd að fullu á því ári er lánþegi nær 66 ára aldri hefur sjóðstjórn heimild til að gjaldfella lánin. Þá mun lánþeginn þurfa að standa skil á greiðslu eftirstöðva sjóðsins í einni eða fáum greiðslum.

Allar forsendur við mat á áhrifum frumvarpsins gera ráð fyrir því sjóðstjórnin muni beita þessari heimild, því er afar óljóst hver áhrifin verða ef sjóðsstjórnin kýs að gera það ekki. Það er fyrirséð að ef heimildinni er ekki beitt mun námsstyrkur í formi afskrifta vegna andláts lánþega aukast á nýjan leik sem hefur óumflýjanleg áhrif á þau kjör sem sjóðurinn býður lánþegum á komandi árum. Mikilvægt er að áhrif svona veigamikillar heimildar séu metnar áður en frumvarp þetta verði að lögum.

Í 21. gr. frumvarpsins er fjallað um síðari valkostinn sem stendur til boða fyrir þá lánþega sem ljúka námi áður eða á því ári er 35 ára aldri en náð. Í þeirri grein kemur ekki fram hvort sjóðstjórn hafi sömu heimild og í 20. gr. um að gjaldfella lánin ef lánþegar hafa ekki greitt lánin við 66 ára aldur.

Í kostnaðarmati frumvarpsins virðist þó vera að gert sé ráð fyrir að næstum öll lán sem sjóðurinn veiti muni verða innheimt að fullu og að útlánatap verði 0,3-0,5% af öllu útlánasafninu. Út frá því sjónarmiði er ekki að sjá annað en að slík gjaldfellingarheimild eigi einnig við um þessi lán. Þó má sjá í töflum 6 og 8 í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir endurgreiðslutíma í allt að 63 ár m.v. tekjutengdar afborganir.

Það gefur augaleið að afar fáir einstaklingar muni lifa svo lengi að geta greitt af námslánunum í yfir 60 ár. Ef sjóðsstjórnin hefur heimild til að gjaldfella lán við 66 ára aldur lánþega þegar hann sér fram á að eiga yfir 10 ár til viðbótar að greiða niður lánið gætu þær upphæðir hlaupið á milljónum sem hann gæti þurft að greiða í einu lagi. Jafnvel þó sjóðurinn gjaldfelli lánin megi engu að síður gera ráð fyrir því að innheimta af eftirstöðum þessara lána verði slæmar.

Ef sjóðstjórnin hefur ekki heimild til að gjaldfella tekjutengdu lánin líkt og þau lán sem falla undir 20. gr. þá er fyrirséð að lánþegar muni kjósa að velja tekjutengdar afborganir enda er greiðslubyrði þeirra jafnt hlutfall af launum sem breytast yfir starfsævina. Ef þetta reynist raunin er það kerfi sem lagt er til í þessu frumvarpi í sjálfu sér aðeins flóknari útgáfa af núverandi námslánakerfi.

## 1.3 Endurgreiðslutími námslána verði háður lántökufjárhæð

Í frumvarpinu kemur fram að endurgreiðslutími námslána verði háður lántökufjárhæð en þó skulu námslán almennt vera að fullu greidd á því ári þegar lánþegi nær 65 ára aldri. Þá hefur

lánþegi val um að endurgreiða með tekjutengingu séu námslok áður eða á því ári er 35 ára aldri er náð.

Samkvæmt ársskýrslu LÍN fyrir skólaárið 2016-2017 er 84% nemandanna á námslánum undir 35 ára aldri og eru því töluverðar líkur á að mikill meirihluti námsmanna velji tekjutengdar endurgreiðslur þar sem það felur í sér jafnari greiðslubyrði, oftast en ekki lengri lán og þar af leiðandi léttari greiðslubyrði.

Að því gefnu að lánþegi endurgreiði lánið samkvæmt fyrra fyrirkomulaginu þá er það í höndum sjóðstjórnar að ákveða lengd endurgreiðslutíma út frá lánsfjárhæðum. Í greinargerð frumvarpsins eru gefnar ákveðnar forsendur um að endurgreiðslutíminn verði með eftirfarandi hætti:


Upphæð lán	Endurgreiðslutími
0-999.999 kr.	5 ár
1.000.000-1.999.999 kr.	7 ár
2.000.000-3.999.999 kr.	10 ár
4.000.000-4.999.999 kr.	15 ár
5.000.000-6.999.999 kr.	20 ár
7.000.000-7.999.999 kr.	22 ár
Hærra en 8.000.000 kr.	25 ár

Með þessu fyrirkomulagi verður greiðslubyrði mjög breytileg eftir lásupphæð eins og sjá má á mynd 1. Þannig getur greiðslubyrði lækkað töluvert ef hærra lán er tekið til að mynda er greiðslubyrði 4 milljóna króna láns tæpar 32 þúsund krónur á mánuði en fyrir 3,9 milljóna króna lán eru það rúmar 41 þúsund krónur á mánuði. Það gerir 9 þúsund krónu lægri greiðslubyrði á mánuði þrátt fyrir að lánið sé hærra.

## MYND 1

### Greiðslubyrði námslána þar sem lánsupphæð stjórnar endurgreiðslutíma

Mánaðarleg endurgreiðslubyrði námslána eftir lengd skuldabréfa




M.v. Överötryggt jafngreiðslulán með 5% vexti.  
Heimildir: Útreikningar SA og Viðskiptaráðs

Þá vekur þetta upp spurningar um hvernig þetta muni reynast í framkvæmd t.d. ef einstaklingur fer í nám með nokkra ára millibili. Mun hann greiða af tveimur skuldabréfum samtímis með tilheyrandi aukinni greiðslubyrði, eða verða skuldabréfin sameinuð og endurgreiðslutími endurreiknaður út frá þeim forsendum sem koma fram í töflunni.

## MYND 2

Sýnidæmi um greiðslubyrði lána þar sem endurgreiðslutími ræðst af lánsfjárhæð



M.v. Överötryggt jafngreiðslulán með 5% vexti.  
Hemildir: Úthlutunarreglur LÍN og útreikningar SA og Viðskiptaráðs

Betra væri ef lengd skuldabréfa myndi markast af þeim tíma sem lánþeginn verður 65 ára. Þannig verði lengd skuldabréfs 30 ár hjá þeim sem klárar nám 35 ára og 5 ár hjá þeim sem klárar það 60 ára. Þetta eykur fyrirsjáanleika fyrir lánþegann sem og hvetur hann til að ljúka námi sem fyrst, til að dreifa greiðslunum yfir lengri tíma og létta á greiðslubyrði.

Ef raunverulegt markmið lagasetningarinnar sé að allir lánþegar greiði lánin sín fyrir 65 ára aldur þá er þetta mun ákjósanlegri leið til að ná því. Það gerir það greiðsluferilinn gagnsærri fyrir lánþegann þegar hann veit hvenær endurgreiðslum lýkur áður en hann hefur nám og hver greiðslubyrðin verður þar af leiðandi líka.

## 2. Athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins

### 2.1 Tekjutenging afborgana

Samtökin leggjast gegn því að afborganir námslána séu tekjutengd í nýju námslánakerfi. Samtökin telja að áframhaldandi tekjutenging afborgana námslána geti með beinum eða óbeinum hætti unnið gegn eftirfarandi markmiðum frumvarpsins:

- Auka gagnsæi um dreifingu framlags ríkisins.
- Að lánahluti námslánakerfisins standi að fullu undir sér.
- Jafna betur stuðning við námsmenn.
- Námsmenn taki aðeins þá upphæð að láni sem þeir þurfa yfir námstímann.

Markmið frumvarpsins eru líkt og áður sagði eftirsóknarverð en í núverandi kerfi sem er sambland af stuðningi með niðurgreiðslu vaxta og afskrifta lána dreifist stuðningurinn afar ójafnt milli lánþega. Þannig kemur fram í ársskýrslu sjóðsins frá árinu 2016 að þau 10% lánþega sem tóku hæst lán hjá sjóðnum voru með um 50% af heildarstyrkjum sjóðsins til námsmanna. Jafnframt kemur fram í ársskýrslunni að þeir námsmenn sem tóku hæstu lánin fengu um 85% styrkhlutfall samanborið við minna en 5% styrkhlutfall meðal þeirra sem tóku lægstu lánin. Slíkt fyrirkomulag, að mest lántaka veiti hlutfallslega mestan styrk, er að mati samtakanna ekki réttlæt看legt, skapar slæma hvata í kerfinu og er bein afleiðing af tekjutengingu námslána. Ennfremur er slíkt fyrirkomulag ógagnsætt.


Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að meginreglan sé sú að endurgreiðsla námslána taki mið af lánsfjárhæð. Aftur á móti er gert ráð fyrir að einstaklingar sem ljúka námi fyrir 35 ára aldur geti tekjutengt greiðslur af lánum sínum. Þar sem tekjutenging dregur í flestum tilvikum úr greiðslubyrði lánanna er líklegt að flestir þeir sem hafa kost á tekjutengingu muni nýta sér slíkt úrræði. Um 85% lánþega ljúka námi fyrir 35 ára aldur og því augljóst að undantekningin mun í reynd verða meginreglan ef heimild til tekjutengingar nær fram að ganga.

Þá kemur fram í greinargerð frumvarpsins að ekki sé búist við því að tekjutenging í nýju lánaforirkomulagi hafi teljandi áhrif á afföll lána en því til stuðnings er vísað til áhættuskýrslu sem þó hefur ekki verið gerð opinber.

Á mynd X hér að neðan má sjá nauðsynlegar heildartekjur einstaklinga á mánuði til þess að standa straum af vaxtagreiðslum láns. Þar má sjá að ef lán ber 4% vexti mun einstaklingur, sem tekur 13 milljónir króna að láni og er með um 760 þúsund krónur í mánaðarlaun, ekki ná að greiða vextina af láninu notist viðkomandi við tekjutengda afborgun námsláns. Lán framangreinds lánþega mun því hækka að nafnvirði eftir því sem líður á lánstímann. Því gera samtökin fyrirvara við þessa staðhæfingu í greinargerð frumvarpsins og beina því til þingsins að fara gaumgæfilega yfir forsendur áhættuskýrslunnar.

### MYND 3

#### Nauðsynlegar mánaðartekjur til þess að greiða vexti af tekjutengdum lánum



Heimildir: Hagstofa Íslands og útreikningar SA og Viðskiptaráðs

Ef lánþegi sem greiðir af námsláni með tekjutengingu getur ekki greitt niður lánið m.v. forsendur tekjutengingarinnar gerist annað af tvennu. Annað hvort gjaldfellir sjóðurinn eftirstöðvar lánsins við 66 ára aldur lánþega eða lánþegar munu halda áfram að greiða af láninu fram að andláti og eftirstöðvar lánsins þá afskrifaðar. Fyrri kosturinn mun koma sér illa fyrir lánþega og vel kann að vera að í mörgum tilvikum falli háar upphæðir á lánþega sem aftur getur valdið því að vanskil sjóðsins aukast.

Síðari kosturinn, sá skárri fyrir lánþega, mun að sama skapi valda sjóðnum tjóni og leiða til frekari afskrifta á lánum sem leiðir til hærra vaxtaálags á námslánum fyrir aðra lánþega sem munu koma til með að standa í skilum við sjóðinn.

Tekjutengingin mun því viðhalda, að minnsta kosti að hluta til, ójöfnum stuðningi við námsmenn og ógagnsæi í styrkveitingum sem taldir eru ókostir þess kerfis sem við búum við í dag. Auknar afskriftir munu í öllu falli leiða til hærra vaxta á námslánum en í versta falli getur myndast spirall vaxtahækkana og vanskila sem verður til þess að rekstur sjóðsins gæti orðið ósjálfbær.

Eðlilegt hlýtur að teljast að greiðslubyrði námslána taki mið af lánsupphæð enda mun slíkt fyrirkomulag vinna að því markmiði að námsmenn taki ekki hærra lán en þeir nauðsynlega þurfa yfir námstímann. Enn fremur mun það auka skilvirkni og draga úr líkum á afföllum. Samtökin telja mun ákjósanlegra að fyrirkomulag námslánakerfisins miði að því að draga úr afföllum frekar en að styrkhlutfallið hækki á móti enda eykur það hvatann til þess að ílengjast ekki að óþörfu í námi.



Sé það eindreginn vilji löggjafans að tekjutenging nái fram að ganga þrátt fyrir augljósa galla hennar sem raktir hafa verið hér að ofan leggja samtökin þó til að tekjutenging gangi aðeins yfir framfærslulán og að skólagjaldalán séu að fullu aðskilin framfærslulánum. Markmið námslánakerfisins er að tryggja að einstaklingar geti sótt sér menntun óháð efnahag en ekki að hið opinbera niðurgreiði dýrt nám sem annars væri hægt að sækja sér að kostnaðarlausu við opinbera háskóla.

Það er ákvörðun námsmanns að sækja sér dýrt nám og taka fyrir því lán. Eðlilegt er að gera þá kröfu námsmaðurinn beri ábyrgð á þeirri ákvörðun og að hið opinbera þurfi ekki að bera áhættuna af því að námið standi ekki undir sér.<sup>1</sup>

Að sama skapi mun aðskilnaður skólagjaldalána frá framfærslulánum auka líkurnar á því að tekjutengingin standi undir sér og valdi ekki óþarfa áhættu í rekstri lánasafnsins.

## 2.2 Barnalán eða barnastyrkur

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að námslán vegna barna, líkt og þekkjast í dag, verði afnumin en í stað þeirra verði veittur sérstakur barnastyrkur sem ekki þarf að endurgreiða. Samtökin telja rétt velta þeirri spurningu upp hvort það sé eðlilegt að skapa hvata til barneigna í námi líkt og slíkur styrkur óhjákvæmilega gerir. Þannig verður fjárhagslega hagstæðara að eignast börn í námi en á vinnumarkaði nái frumvarpið fram að ganga. Ríkið skapar hvata til barneigna í gegnum barnabætur og fæðingarorlof og ekki er augljóst að slíkt þurfi sérstaklega í gegnum námsstyrkjakerfið líka.

Þá ber einnig að líta til þess að samkvæmt kostnaðarmati sem fylgir frumvarpinu mun barnastyrkurinn nema tæplega 23% af heildarstyrkveitingum sjóðsins til námsmanna á árinu 2021 (fyrsta heila námsárið eftir innleiðingu nýs kerfis). Því er ljóst að afar stór hluti styrkveitinga mun renna til barnafólks sem hefði annars geta hækkað styrkhlutfall sjóðsins.

Aftur á móti kunna að hníga rök að því að veita beina styrki vegna barneigna að því leyti að það kemur í veg fyrir að einstaka lánþegar safni tugmilljóna námslánum sem verða líklega aldrei greidd til baka líkt og þekkist í núverandi kerfi.

## 2.3 Skólagjöld

Líkt og áður sagði er markmið námslána og námsstyrkja að gefa öllum tækifæri á að komast til náms. Að því sögðu er jafnframt ljóst að fjárheimildir til verkefnisins eru ekki ótakmarkaðar. Því er mikilvægt að gæta jafnræðis í styrkveitingum sjóðsins. Í fyrirliggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir að hvort tveggja framfærslulán og skólagjaldalán verði styrkhæf.

---

<sup>1</sup> Miðað við 5% óverðtryggða vexti mun því námsmaður því þurfa að auka mánaðarlegar tekjur sínar um c.a. 5 þúsund krónur fyrir hverja milljón skólagjaldalána sem hann tekur svo námið standi undir sér m.v. 35 ára lán.

Þannig munu þeir sem nemendur sem að fara í skóla þar sem greidd eru skólagjöld almennt hljóta hærri styrk en nemendur sem ekki gera það. Hæpið er að halda því fram að slíkt stuðli að auknum jöfnuði í stuðning við námsmenn.

Ennfremur er styrkur vegna skólagjaldalána varhugaverður í samhengi fjárveitinga til háskóla samkvæmt reiknilíkani sem finna má í reglugerð 646/1999. Í því samhengi má líta svo á að 30% styrkur vegna skólagjaldalána ofan á þá fjárhæð sem skólarnir hljóta samkvæmt reiknilíkaninu geti skapað aðstöðumun í háskólakerfinu á Íslandi. Að sama skapi gæti slíkur styrkur verið til þess fallinn að draga úr kostnaðaraðhaldi þeirra skóla sem innheimta skólagjöld og leitt til hækkunar skólagjalda á þeim vettvangi. Búast má við að greiðsluvilji nemenda haldist sá sami og nemendur séu því tilbúnir að greiða sömu upphæð og áður að frádregnum styrknum.<sup>2</sup>

Að mati samtakanna færi betur á því að skólagjaldalán yrðu ekki styrkhæf en þess í stað myndi styrkhlutfallið hækka sem næmi þeirri upphæð sem annars væri áætluð í styrkveitingar vegna skólagjaldalána. Grófur útreikningur samtakanna bendir til þess að hækka mætti styrkveitingar vegna framfærslulána upp í 35-40% ef skólagjaldalán yrðu tekinn út úr styrkjakerfinu.

Að þessu sögðu er ljóst að hið sama gildir ekki um námsmenn sem stunda nám erlendis. Líkt og áður var rakið eru háskólar á Íslandi reknir með framlögum frá ríkissjóði sem miðast við framlög á hvern nemanda sem stundar fullt nám við skólann. Reiknilíkanið nær ekki til námsmanna erlendis og þeir njóta þess vegna ekki sama stuðnings og nemendur á Íslandi þegar kemur að niðurgreiðslu hins opinbera á kostnaði vegna námsins. Aftur á móti hafa þeir notið hærri styrkja í núverandi námslánakerfi, einkum vegna þess að þeir taka í flestum tilvikum hærri námslán en námsmenn á Íslandi. Í því samhengi eru að mörgu leyti ríkari rök fyrir því að námslán námsmanna erlendis séu styrkhæf. Aftur á móti telja samtökin að slíkt fyrirkomulag myndi flækja starfsemi sjóðsins um of og draga úr einu af meginmarkmiðum frumvarpsins um gagnsæi í styrkveitingu. Betur færi á að reiknilíkan háskóla yrði endurskoðað með hagsmuni einstaklinga en ekki stofnana í fyrirrúmi þannig að námsmenn erlendis nytu sambærilegra styrkja á við námsmenn á Íslandi þegar kemur að styrkjum hins opinbera vegna háskólanáms. Slíkur stuðningur væri þó, réttilega að mati samtakanna, utan við námslánakerfið.

## 2.4 Framfærslulán miðist við framfærslukostnað á Íslandi

Í frumvarpinu eru nýmæli að framfærslulán skuli miðast við framfærslukostnað á Íslandi óháð því hvar nemandi stundar nám. Í núverandi úthlutunarreglum er áætlaður framfærslukostnaður reiknaður út í hverju landi fyrir sig og ákveðnum borgum þar sem framfærslukostnaður er hærri og framfærslulánin taka mið af þeim kostnaði.

Þannig miðist lánin við raunverulegan framfærslukostnað í hverju landi fyrir sig en samkvæmt frumvarpinu skulu öll framfærslulán miðast við framfærslukostnað á Íslandi og ef framfærslukostnaður er dýrari en á Íslandi er heimild til að lána svokallaða staðaruppbót fyrir nemendur í námi á þeim stað. Þessar breytingar geta því aðeins verið til hækkunar en ekki

---

<sup>2</sup>Nemandi sem áður var tilbúinn að greiða kr. 300.000 í skólagjöld í dag er eftir breytingar tilbúinn að greiða kr. 428.500 enda sér hann fram á að fá 30% afslátt af skólagjöldum sínum að námi loknu og nemandinn þarf því í rauninni aðeins að greiða kr. 300.000 í skólagjöld líkt og áður.

lækkunar á framfærsluláni. Miðað við núverandi úthlutunarreglur getur þetta þýtt allt að fjórföldun á framfærslulánum. Hvergi í frumvarpsdrögnum er að finna mat á áhrifum þessa breytinga.


Þá kemur þetta aftur inn á helsta hvatann sem felst í frumvarpinu sem er að hámarka styrkinn sem niðurfelling hluta námslánsins felur í sér. Í greinargerð frumvarpsins er vonast til þess að þessar breytingar leiði til þess að nemendur taki ekki hærra lán en þeir telja sig þurfa á að halda, en á meðan helsti hvatinn í kerfinu er að hámarka styrkinn verða slíkar vonir líklega að vonbrigðum.

Í tilfelli þeirra ríkja þar sem framfærslulán munu hækka vegna hærri kaupmáttar á Íslandi býr það kerfi sem lagt er til í frumvarpinu einnig til þann hvata fyrir námsmenn að taka eins hátt lán og þeir geta. Þar sem að lánin byrja ekki að safna vöxtum fyrr en námi lýkur er hvati fyrir nemendur að leggja muninn af því sem þeir nota til að framfleyta sér og upphæð námslánsins inn á bankabók. Svo þegar námi lýkur og 30% af lánsfjárhæðinni er niðurfalinn sem styrkur er það sem safnast hefur inn á bankabókinni yfir tíma námsins greitt inn á lánið og lækkar höfuðstólinn. Þannig hækkar raunstyrkur sem námsmaðurinn fær upp fyrir þessi 30% sem kveðið er á í frumvarpinu.

#### MYND 4

#### Hámarks framfærslulán námsmanns erlendis

Framfærslulán einstaklings í 5 ára námi í Danmörku, utan Kaupmannahafnar (milljónir króna)



M.v. Vaxtalausán innlánsreikning.

Heimildir: Úthlutunarreglur LÍN og útreikningar SA og Viðskiptaráðs

Þannig eftir því sem munurinn á framfærslukostnaði erlendis og á Íslandi eykst því hærri styrk getur lánþeginn fengið.

## Að lokum

Að því gefnu að frumvarpið verði endurskoðað til samræmis við athugasemdir sem fram koma hér að framan telja SA og VÍ að nokkur atriði horfi til mikilla framfara með frumvarpinu.

Í nýju frumvarpi er gert ráð fyrir því að lánþegar sem ljúka prófgráðu innan tilgreinds tíma geti fengið námsstyrk sem nemur 30% af höfuðstóli námsláns þeirra. Styrkurinn er í formi niðurfellingar sem kemur til framkvæmda að námi loknu. Þessi aðferð er hvati fyrir nemendur til að ljúka námi á þeim tíma sem ráð er fyrir gert og í þessu felst mikill hvati fyrir nemendur að vanda vel námsval og kynna sér möguleika sem standa nemendum til boða að námi loknu. Að sama skapi má ætla að þetta dragi úr brotthvarfi sem er eitt af megin viðfangsefnum í íslensku menntakerfi í dag. Allt getur þetta aukið gæði í menntakerfinu og stuðlað að þjóðhagslegum sparnaði.

Með nýju frumvarpi er opnað á að það verðmæta verkfæri, sem styrktarsjóður námsmanna er, sé notað til að hafa áhrif á þróun sem talin er mikilvæg í samfélaginu m.a. með notkun á tímabundnum ívilnunum. Þar má nefna stuðning við brotthættar byggðir og sérstakan stuðning til þeirra sem stunda nám í tilteknum námsgreinum. SA og VÍ fagna sérstaklega ásetningu um samráð við atvinnulífið í þessu sambandi.

Með nýrri nálgun við þetta mikilvæga viðfangsefni færirst námslánakerfið nær því sem þekkist víða á Norðurlöndum. Sú mikilvæga breyting eykur samkeppnishæfni landsins þegar kemur að því að ungt fólk taki ákvörðun um menntun.

Virðingarfyllst,



---

Tryggvi Másson,  
sérfræðingur á efnahagssviði  
f.h. Samtaka atvinnulífsins



---

Ísak Rúnarsson,  
sérfræðingur á hagfræðisviði  
f.h. Viðskiptaráðs Íslands